

Heilsuvernd

Upplýsingar fyrir nemendur á Landspítala

Landspítali gerir kröfur til nemenda og starfsmanna í samræmi við vinnuverndarlög, verklagsreglur um forvarnir og tilmæli sóttvarnarlæknis ([Dreifibréf nr. 2/2018](#)).

Nemendur á Landspítala

Bólusetningar (aðrar en fyrir lifrabólgu B)

Öllum nemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi verið bólusettir með/fyrir:

- Boostrix polio: Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kikhósti (Pertussis) og mænusótt (Polio). Þessar bólusetningar þarf að endurnýja á 10 ára fresti.
- M-m rvaxpro eða Priorix (MMR): Mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemandi þarf að hafa fengið tvær bólusetningar sem barn eða eina bólusetningu eftir 12 ára aldurinn.
- Ef nemandi þarf að uppfæra bólusetningar þá þarf hann að gera það á heilsugæslustöð a.m.k. 1 mánuði áður en komið er til starfsmannahjúkrunarfræðings á Landspítala.

Náð er í bólusetningavottorð með því að skrá sig inn á „Mínar síður“ á [heilsuvera.is](#). Vottorðinu er skilað til viðkomandi háskóladeildar/-brautar eða umsjónarmanns verknáms áður en verklegt nám hefst á Landspítala.

Mælst er til þess að nemendur í heilbrigðisvísindum séu bólusettir árlega gegn influensu.

Berklapróf

Öllum nemendum er skylt að fara í berklapróf áður en þeir hefja verklegt nám á spítalanum. Berklapróf eru gerð á Landspítala fyrir nemendur frá HÍ, FB, FÁ og Keili (fótaaðgerðarfræði)*. Þau eru auglýst af skrifstofum deilda. Aðrir nemar þurfa að panta tíma hjá sinni heilsugæslustöð.

Lifrabólga B

Nemendum í heilbrigðisgreinum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu. Bólusetting er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Sprauta tvö er gefin einum mánuði eftir fyrstu og sú þriðja 5 mánuðum síðar. Bólusetningar fara fram á Landspítala fyrir nemendur frá HÍ, FB og Keili (fótaaðgerðarfræði)*. Þær eru auglýstar af skrifstofum deilda. Aðrir nemar þurfa að panta tíma hjá sinni heilsugæslustöð.

MÓSA ræktun

Ef nemandi hefur verið í verknámi, legið, eða unnið á erlendum sjúkrastofnunum sex mánuðum fyrir nám á Landspítala, eða áður greinst með MÓSA, þarf að rækta fyrir MÓSA (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus).

Neikvætt svar úr ræktun þarf að liggja fyrir **áður** en klínískt nám hefst á Landspítala.

Strok er tekið hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi, panta þarf tíma í síma 543-1330. Svar liggur fyrir innan 2-3 sólarhringa.

Erlendir nemar / íslenskir nemar erlendis frá

Nemendum sem koma erlendis frá (íslenskum og erlendir) er skylt að framvísa nýju svari úr berklaprófi, bólusetningarvottorði, staðfestingu á bólusetningu gegn lifrabólgu B og nýju svari úr MÓSA ræktun sem tekin er eftir síðustu dvöl á klínískri deild erlendis. Sjá nánar hér fyrir ofan. Gögnum er skilað til deildarstjóra eða tengilið verknáms við upphaf námsdvalar. Ekki er hægt að stunda nám á Landspítala nema gegn framvísun þessara vottorða og ræktunar. Sjá upplýsingar á ensku á eftirfarandi slóð: www.landspitali.is/health-certificates

Íslenskir nemendur sem fara utan

Nemendur sem fara utan í verknám þurfa sjálfir að sækja sér bólusetningar og vottorð til heilsugæslustöðva.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá starfsmannahjúkrunarfræðingum Landspítala í gegnum tölvupóst starfsmannahjukrun@landspitali.is.